

# **Jeratún ehf.**

---

**Árshlutareikningur**

---

**1/1-30/6 2013**

---

Jeratún ehf.  
Grundargötu 30  
350 Grundarfjörður  
kt. 501203-2030

---

# **Jeratún ehf.**

---

**Árshlutareikningur**

---

**1/1-30/6 2013**

## **Efnisyfirlit**

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um breytingar á eigin fé	7
Skýringar	8-16

---

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Jeratúni ehf.

Við höfum kannad meðfylgjandi árshlutareikning Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1/1-30/6 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og staðallinn hefur verð samþykktur af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli könnunarinnar.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki vist að við fáum vitnesku um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1/1-30/6 2013, efnahag þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og staðallinn hefur verð samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótakröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ályktun okkar viljum við vekja athygli á skýringu númer 15 með árshlutareikningnum sem inniheldur viðeigandi lýsingu á óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt.

Grundarfírði, 29. ágúst 2013.

Deloitte ehf.



Jón Rafn Ragnarsson  
endurskoðandi



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur Jeratúns er gerður í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og staðallinn hefur verð samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Tap Jeratúns ehf. á tímabilinu 1/1-30/6 2013 nam kr. 3.745.723. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 454.644.639, eigið fé í lok tímabilsins er um kr. 7.662.717 og er eiginfjárlutfall félagsins 1,69%.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 4 eins og í upphafí árs. Hlutafé í Jeratúni ehf. er kr. 202.500.000 og skiptist þannig:

	Nafnverð	Hlutdeild
Stykkishólmsbær .....	54.675.000	27%
Grundarfjarðarbær .....	56.700.000	28%
Snæfellsbær .....	89.100.000	44%
Helgafelssveit .....	2.025.000	1%

Stjórn félagsins leggur til að tap tímabilsins verði flutt til næsta árs.


Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31.júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru kr. 59.397.185,- á ársgrundvelli með virðisaukaskatti og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Að álíti stjórnar og framkvæmdastjóra Jeratúns ehf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok tímabilsins, rekstrararángri tímabilsins og fjárhagslegrí þróun á tímabilinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1/1-30/6 2013 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 29. ágúst 2013.

í stjórn



Kristinn Jónasson  
Stjórnarformaður



Gísli Ólafsson



Gyða Steinsdóttir

Framkvæmdastjóri



Sigurlaug R. Sævars  
Framkvæmdastjóri

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu tímabilsins 1/1-30/6 2013

---

	Skýr.	1/1-30/6 2013	1/1-30/6 2012
Rekstrartekjur .....		23.348.335	22.457.839
Annar rekstrarkostnaður .....		(3.338.131)	(3.134.982)
Afskriftir .....	8	(2.392.824)	(2.392.824)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>17.617.380</b>	<b>16.930.033</b>
Fjármunatekjur .....	6	80.459	2.267
Fjármagnsgjöld .....	6	(21.443.562)	(27.739.874)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>		<b>(3.745.723)</b>	<b>(10.807.574)</b>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2013

---

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>30.06.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	437.914.898	440.307.722
		<hr/> 437.914.898	<hr/> 440.307.722
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....	9	428.366	27.210
Handbært fé .....	9	16.301.375	12.005.626
		<hr/> 16.729.741	<hr/> 12.032.836
<b>Eignir</b>		<hr/> 454.644.639	<hr/> 452.340.558
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	10	202.500.000	175.500.000
Ójafnað tap .....		(194.837.283)	(191.091.560)
Eigið fé		<hr/> 7.662.717	<hr/> (15.591.560)
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	11	395.354.168	414.783.941
		<hr/> 395.354.168	<hr/> 414.783.941
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	12	607.458	641.601
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	12	43.772.251	42.782.507
Aðrar skammtímaskuldir .....	12	7.248.045	9.724.069
		<hr/> 51.627.754	<hr/> 53.148.177
Skuldir		<hr/> 446.981.922	<hr/> 467.932.118
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<hr/> 454.644.639	<hr/> 452.340.558

# Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1/1-30/6 2013

---

	Skýr.	1/1-30/6 2013	1/1-30/6 2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		17.617.380	16.930.033
Afskriftir .....	8	2.392.824	2.392.824
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		20.010.204	19.322.857
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), laekkun .....		(393.475)	49.858
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....		(57.949)	315.844
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		19.558.780	19.688.559
Innborgaðir vextir .....		72.778	2.172
Greiddir vextir .....		(13.550.726)	(14.104.893)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>6.080.832</u>	<u>5.585.838</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....	11	(28.785.083)	(27.478.219)
Innborgað hlutafé .....	10	27.000.000	27.000.000
		<u>(1.785.083)</u>	<u>(478.219)</u>
Hækkun handbærs fjár .....		4.295.749	5.107.619
Handbært fé í upphafi árs .....		12.005.626	8.974.164
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>16.301.375</u>	<u>14.081.783</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		<u>8.922.155</u>	<u>5.220.136</u>

## Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

---

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2012.....	148.500.000	(183.192.232)	(34.692.232)
Aukning hlutafjár.....	27.000.000		27.000.000
Heildarafkoma tímabilsins.....		(10.807.574)	(10.807.574)
Eigið fé 30.6.2012.....	175.500.000	(193.999.806)	(18.499.806)
Eigið fé 31.12.2012.....	175.500.000	(191.091.561)	(15.591.561)
Aukning hlutafjár.....	27.000.000		27.000.000
Heildarafkoma tímabilsins.....		(3.745.723)	(3.745.723)
Eigið fé 30.6.2013.....	202.500.000	(194.837.284)	7.662.716

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnaðið að Grundargötu 44.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok tímabilsins, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á árshlutareikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að nýjir eða endurbættir staðlar sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins í framtíðinni.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### 3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

### 3.2 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum.

### 3.3 Tekjur

#### *Leigutekjur*

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Einu rekstrartekjur félagsins eru leigutekjur.

### 3.4 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

---

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### 3.5 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

#### Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auch leiðréttинга á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

#### Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavíldar sem ekki er skattalega fráráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjánlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### 3.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og haegt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

### 3.7 Virðisýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eigin fellur undir er metið þegar ekki er haegt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eigin verið endurmetin kemur virðisýrnunin fyrst til lakkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisýrnun. Bakfærla virðisýrnunar færst í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækjunin færð sem endurmatshekkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisýrnun viðskiptavíldar.

# Skýringar

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á varanlega rekstrarfjármuni sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Stjórnendur líta á félagið sem einn starfsþátt.

### Tekjuskipting eftir viðskiptavinum:

Félagið hefur tekjur af leigu fasteignar og koma tekjurnar frá fimm aðilum.

	1/1-30/6 2013		1/1-30/6 2012	
Fjölbautaskóli Snæfellinga .....	14.009.001	60,00%	13.474.703	60,00%
Grundarfjarðarbær .....	2.615.014	11,20%	2.515.278	11,20%
Helgafelssveit .....	93.393	0,40%	89.831	0,40%
Snæfellsbær .....	4.109.307	17,60%	3.952.580	17,60%
Stykkishólmsbær .....	2.521.621	10,80%	2.425.447	10,80%
	<u>23.348.335</u>	<u>100,00%</u>	<u>22.457.839</u>	<u>100,00%</u>

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

### Fjármunatekjur:

	1/1-30/6 2013	1/1-30/6 2012
Aðrar vaxtatekjur .....	80.459	2.267
	<u>80.459</u>	<u>2.267</u>

### Fjármagnsgjöld:

	1/1-30/6 2013	1/1-30/6 2012
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(21.321.162)	(27.728.072)
Önnur vaxtagjöld .....	(15.841)	(11.802)
	<u>(21.443.562)</u>	<u>(27.739.874)</u>

## 7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2014, vegna tímabilsins 1/1-30/6 2013, þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvaður.

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Kostnaðarverð	Fasteignir
Staða 1. janúar 2012.....	478.564.783
Staða 31. desember 2012.....	478.564.783
Staða 1. janúar 2013.....	478.564.783
Staða 30. júní 2013.....	478.564.783

### Afskriftir

Staða 1. janúar 2012.....	33.471.412
Afskrift ársins.....	4.785.649
Staða 31. desember 2012.....	38.257.061
Staða 1. janúar 2013.....	38.257.061
Afskrift tímabilsins.....	2.392.824
Staða 30. júní 2013.....	40.649.885

### Bókfært verð

Bókfært verð 31. desember 2012.....	440.307.722
Bókfært verð 30. júní 2013.....	437.914.898
Afskriftarhlutföll.....	1%

Eftirfarandi nýtingartími og þar af leiðandi afskriftarhlutfall hefur verið notað við afskriftir:

Fasteignir                    100 ár                    1%

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig á rekstrarliði:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir .....	188.400.000	690.836.000

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í lok tímabilsins nemur bókfært verð veðsettra eigna 438 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 439 milljónum króna. Á fyrri ári nam bókfært virði veðsettra eigna 440 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána námu 458 milljónum króna.

## 9. Aðrar peningalegar eignir

### Aðrar skammtímakröfur

	30.06.2013	31.12.2012
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	393.475	0
Fjármagnstekjuskattur .....	34.891	27.210
	428.366	27.210

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum:	30.06.2013	31.12.2012
Bankainnistæður í íslenskum krónum .....	16.301.375	12.005.626
	16.301.375	12.005.626

# Skýringar

## 10. Hlutafé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé 1.1.2012 .....	148.500.000	100,0%	148.500.000
Hlutaþjárukning á árinu 2012 .....	27.000.000		27.000.000
Heildarhlutafé 1.1.2013 .....	175.500.000	100,0%	175.500.000
Hlutaþjárukning á árinu 2013 .....	27.000.000		27.000.000
Heildarhlutafé 30.6.2013 .....	202.500.000	100,0%	202.500.000

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 11. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06.2013	31.12.2012
Skuldir í ISK .....	439.126.419	457.566.448
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	439.126.419	457.566.448
	(43.772.251)	(42.782.507)
Langtímaskuldir í lok tímabils .....	395.354.168	414.783.941

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06.2013	31.12.2012
Næsta árs afborganir .....	43.772.251	42.782.507
Afborganir 2015/2016 .....	43.772.251	42.782.507
Afborganir 2016/2017 .....	43.772.251	42.782.507
Afborganir 2017/2018 .....	43.772.251	42.782.507
Afborganir 2018/2019 .....	43.772.251	42.782.507
Afborganir síðar .....	220.265.164	243.653.913
	439.126.419	457.566.448

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	30.06.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptaskuldir .....	607.458	641.601
	607.458	641.601

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06.2013	31.12.2012
Skuldir við lánastofnanir .....	43.772.251	42.782.507
	43.772.251	42.782.507

Aðrar skammtímaskuldir

	30.06.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur .....	1.927.739	1.951.545
Ógreiddir áfallnir vextir .....	5.320.306	7.772.524
	7.248.045	9.724.069

# Skýringar

## 13. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

### 13.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	30.06.2013	31.12.2012
Handbært fé .....	16.301.375	12.005.626
Lán og kröfur .....	428.366	27.210
Fjárskuldir	30.06.2013	31.12.2012
Fjárskuldir .....	446.981.922	467.932.118

### 13.2 Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru útlánaáhætta og lausafjáráhætta.

### 13.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Fjármögnum félagsins byggir eingöngu á langtímaskuldum í ISK með föstum vöxtum og eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs.

### 13.4 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengast útlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:	30.06.2013	31.12.2012
Aðrar kröfur .....	428.366	27.210
Handbært fé .....	16.301.375	12.005.626
	16.729.741	12.032.836

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

# Skýringar

## 13.5 Lausafjárhætta

Lausafjárhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð.

Skuldir 30.6.2013	Innan			
	eins árs	2014	2015+	Samtals
Óvaxtaberandi .....	7.855.503	0	0	7.855.503
Með föstum vöxtum .....	43.772.251	43.772.251	351.581.917	439.126.419
	51.627.754	43.772.251	351.581.917	446.981.922
<b>Eignir 30.6.2013</b>				
Óvaxtaberandi .....	428.366	0	0	428.366
Með fljótandi vöxtum .....	16.301.375	0	0	16.301.375
	16.729.741	0	0	16.729.741
<b>Hrein staða 30.6.2013</b>	(34.898.013)	(43.772.251)	(351.581.917)	(430.252.181)
Skuldir 31.12.2012	Innan			
	eins árs	2013	2014+	Samtals
Óvaxtaberandi .....	10.365.670	0	0	10.365.670
Með föstum vöxtum .....	42.782.507	42.782.507	372.001.434	457.566.448
	53.148.177	42.782.507	372.001.434	467.932.118
<b>Eignir 31.12.2012</b>				
Óvaxtaberandi .....	27.210	0	0	27.210
Með föstum vöxtum .....	12.005.626	0	0	12.005.626
	12.032.836	0	0	12.032.836
<b>Hrein staða 31.12.2012</b>	(41.115.341)	(42.782.507)	(372.001.434)	(455.899.282)

## 13.6 Upplýsingar um gangvirði fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagernings er viðskiptaverð hans milli ótengdra aðila, sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna, greitt á viðskiptalegum forsendum á matsdegi.

Eftirfarandi tafla sýnir gangvirði eigna og skulda samstæðunnar sem bókfærðir eru á afskrifuðu kostnaðarvirði:

	Bókfært virði	Bókfært virði	Gangvirði 2012	
	30.06.2013	30.06.2013		
<b>Fjáreignir</b>				
Handbært fé .....	16.301.375	16.301.375	12.005.626	12.005.626
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	428.366	428.366	27.210	27.210
Fjáreignir samtals .....	16.729.741	16.729.741	12.032.836	12.032.836
<b>Fjárskuldir</b>				
Lántaka .....	439.126.419	439.126.419	457.566.448	457.566.448
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	7.855.503	7.855.503	10.365.670	10.365.670
Fjárskuldir samtals .....	446.981.922	446.981.922	467.932.118	467.932.118

# Skýringar

## 14. Leigusamningar

Félagið leigir út fasteign sína og gildir leigusamningurinn til 31. júlí 2024 og er verðtryggður með vísitölu neysluverðs.

	30.06.2013	31.12.2012
Leigutekjur til eins árs .....	46.194.215	45.303.719
Leigutekjur eftir eitt ár og ekki lengur enn fimm ár .....	184.776.860	181.214.876
Leigutekjur eftir fimm ár .....	277.165.290	294.474.174
	<hr/> <hr/> <hr/>	<hr/> <hr/> <hr/>
	508.136.365	520.992.769

## 15. Rekstrarhæfi

Tap félagsins á tímabilinu 1/1 - 30/6 2013 var um 3,7 millj.kr. og er eigið fé félagsins um rúmar 7,7 milljónir króna í lok tímabilsins, þrátt fyrir 27 milljón króna hlutafjáraukningu. Sökum bágrar fjárhagss töðu félagsins er ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins byggir á því að unnt sé annað hvort að bæta rekstrarafkomu eða að eigendur félagsins leggi fram viðbótarhlutafé. Leigutekjur Jeratúns, sem greiddar eru af ríki og þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri Jeratúns standa ekki undir skuldbindingum Jeratúns ehf. en í árshlutareikningi félagsins er skráning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðuð við áframhaldandi starfsemi. Af þessum ástæðum er óvissa um rekstrarhæfi félagsins, nema að unnt sé að afla eigin fíjar.

## 16. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi	1/1-30/6 2013	1/1-30/6 2012	1/1-30/6 2011
----------------------	---------------	---------------	---------------

### Arðsemi

Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	20.010.204	19.322.857	18.214.819
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	0,86	0,86	0,86
b) Hagnaðarhlutfall .....	(0,16)	(0,48)	(0,55)

a) EBITDA/rekstrartekjur

b) Hagnaður tímabilsins/rekstrartekjur

Úr efnahagsreikningi	30.06.2013	30.06.2012	1/1-30/6 2011
----------------------	------------	------------	---------------

### Nýting fjármagns

c) Veltuhraði eigna .....	0,05	0,05	0,05
---------------------------	------	------	------

### Greiðsluhæfi

d) Lausafjárlutfall .....	0,32	0,28	0,25
e) Veltufjárlutfall .....	0,32	0,28	0,25
d) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldur	e) Veltufjármunir/skammtímaskuldur		

# Skýringar

## 16. Kennitölur (framhald)

### Fjárhagslegur styrkur

f) Eiginfjárlutfall .....	1,69%	-4,05%	-6,97%
g) Innra virði hlutafjár .....	0,04	(0,11)	(0,22)
f) Eigið fé/heildarfármagn	g) Eigið fé/hlutafé		

Úr sjóðstreymi ársins

1/1-30/6 2013    1/1-30/6 2012    1/1-30/6 2011

h) Skuldaþekja handbærs fjár .....	0,01	0,01	0,01
i) Gæði sölunnar .....	1,00	1,01	0,99
j) Gæði afkomu .....	(1,62)	(0,52)	(0,32)
k) Gæði rekstrarhagnaðar .....	0,35	0,33	0,24
h) Handbært fé frá rekstri/skuldir	j) Handbært fé frá rekstri/hagnaður		
i) Innborgaðar tekjur/bókfærðar tekjur	k) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður		

Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum

1/1-30/6 2013    1/1-30/6 2012    Breyting

Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur .....	14,30%	13,96%	0,34%
Afskriftir/rekstrartekjur .....	10,25%	10,65%	-0,41%
<b>Rekstrargjöld/rekstrartekjur</b>	<b>24,55%</b>	<b>24,61%</b>	<b>-0,07%</b>

## 17. Sjóðstremisýfirlit

	<u>1/1-30/6 2013</u>	<u>1/1-30/6 2012</u>	<u>1/1-30/6 2011</u>	<u>1/1-30/6 2010</u>	<u>1/1-30/6 2009</u>
Tap ársins.....	(3.745.723)	(10.807.574)	(11.622.862)	(9.875.170)	(17.031.401)
Afskriftir.....	2.392.824	2.392.824	2.392.824	2.392.824	2.392.824
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	10.345.054	16.186.977	15.610.124	12.868.481	18.223.617
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>8.992.155</b>	<b>7.772.227</b>	<b>6.380.086</b>	<b>5.386.135</b>	<b>3.585.040</b>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(401.156)	49.763	(294.690)	(28)	(4.314)
Rekstrartengdum skuldum.....	(2.510.167)	(2.236.152)	(2.328.010)	(3.346.155)	(2.919.496)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>6.080.832</b>	<b>5.585.838</b>	<b>3.757.386</b>	<b>2.039.952</b>	<b>661.230</b>

## 18. Samþykkt árshlutareiknings

Ársrhlutaeikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 29. ágúst 2013.